

Svör ÍS 47 við umsögnum um tilkynningar framkvæmda í Önundarfirði

Dagsetning	Sendandi/tilvísun	Athugasemd
21.12.2022	Fiskistofa 2022-10-25-2315/2.5.1	Að kynningar sé þörf á framkvæmd fyrir Veiðifélagi Önundarfjarðar
30.12.2022	Svar ÍS47	Viðbrögð
<p>ÍS47 bendir á að Veiðifélag Önundarfjarðar er ekki búíð að sinna skildu sinni að senda Fiskistofu upplýsingar um veiði á svæðinu, líkt og kemur fram í athugasemd Fiskistofu. ÍS47 gengur út frá að umsagna hafi verið leitað af hálfu Skipulagsstofnunar hjá hagsmunaaðilum á svæðinu og þær ekki borist.</p>		
Dagsetning	Sendandi/tilvísun	Athugasemd
22.11.2022	HAFRÓ	<ol style="list-style-type: none"> 1. Notkun hugtaka röng. 2. Flatarmál eldisstöðva ekki skýrt nægilega vel og m.t.t. vatnshlota. 3. Afföll í eldi ekki í samræmi við raunveruleika. 4. Skortur á umfjöllun varðandi laxa- og fiskilúsar. Vantar umræðu um mótvægisáðgerðir. 5. Vantar umfjöllun um umhverfi nýja svæðisins við Hundsá
30.12.2022	Svar ÍS47	Viðbrögð
<ol style="list-style-type: none"> 1. Hugtök hafa verið uppfærð og leiðrétt skv. Ráðleggingum HAFRÓ 2. Flatarmál eldisstöðva hefur verið uppfært og útskýrt betur við hvað er átt (sbr. Innsent skjal um „tilkynning ÍS47 um færslu eldisvæðis í Önundarfirði“ (sent til Skipulags mið. 28.12.2022 13:51). Eins athugasemd varðandi vatnshlot í Önundarfirði. Flatarmál vatnshlots Önundarfjarðar (101-1388-C) er 48.1 km² í floknum strandsjór. Flatarmál Valþjófsdals er 1,3 km² og Hundsá er 2,3 km², sem þýðir að eldisvæði ÍS47 eru ríflega 7% af vatnshloti Önundarfjarðar. ÍS47 er hinsvegar ekki kunnugt um reglugerð sem segir til um hve stórt hlutfall eldisvæði megi vera af vatnshloti, enda er það ljóst að burðarþol tekur á þeim þætti er lítur að mati á getu fjarðar til að bera lífmassa. 3. Kafli um afföll hefur verið endurbættur sbr. Tilkynningu um færslu svæða. 4. Kafli um lús og mótvægisáðgerðir hefur verið endurbættur sbr. Tilkynningu um færslu svæða. Ef ÍS47 fær leyfi fyrir tegundabreytingu í lax og hefur eldi á þeirri tegund mun fyrirtækið nota ljósabúnað til að seinka kynþroska líkt og almennt er gert í eldi á laxi. Þess gerist hinsvegar ekki þörf í eldi á regnboga. 5. ÍS47 hefur þegar framkvæmt forathugun og verið er að vinna úr dýrasýnum til að fá endalega mynd af stöðu lífríkis við Hundsá. Hins vegar er búíð að skilgreina botn og botngerð og fá nægilegar upplýsingar til að geta lagt mat á stöðuna. Niðurstaða er birt í sérstökum kafla sbr. Tilkynningu um færslu. 		
Dagsetning	Sendandi/tilvísun	Athugasemd
27.10.2022	Skipulags og Mannvirkjanefnd Ísafjarðarbæjar/2022100107	Engar athugasemdir.
Dagsetning	Sendandi/tilvísun	Athugasemd
29.11.2022	MAST/2210540, 2210542, 2210544	<p>Mast óskar eftir að fjalla um allar 3 tilkynningarnar saman.</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Bent á að AF hafi eldisleyfi fyrir 200 tonnum í firðinum.

Svör ÍS 47 við umsögnum um tilkynningar framkvæmda í Önundarfirði

		<p>2. Að reglugerð sem vísað er til vegna færslu sé ekki lengur í gildi.</p> <p>3. Þarf aðkomu Hafrannsóknarstofnunnar vegna flutnings eldissvæðis.</p> <p>4. Heimild til útgáfu leyfis fyrir viðbótarlífmassa.</p> <p>MAST gerir ekki athugasemdir varðandi fisksjúkdóma og forvarnir gegn þeim.</p>
30.12.2022	Svar ÍS47	Viðbrögð
<p>1. ÍS47 hefur brugðist við þessari athugasemd með að uppfæra kafla í innsendri Tilkynningu um færslu eldissvæðis. ÍS47 ítrekar ennfreður að óljóst er hver staða þessa rekstrarleyfis sé en það rann út í júlí 2021 og starfsleyfi í júní 2022. Í tilkynningu ÍS47 kemur fram að leyfi Arctic Sea Farm (FE-1114/IS-36083) sé brottfallið fyrir allmörgum misserum síðan og hafi aldrei raunverulega verið nýtt á meðan það var í gildi. Um þetta segir í umsögn MAST: <i>"Umrætt rekstrarleyfi Arctic Sea Farm er útrunnið en Matvælastofnun vinnur að endurnýjun leyfisins."</i></p> <p>Framangreint orðalag verður að telja býsna sérstætt, en það er ekki hlutverk MAST að vinna að endurnýjun leyfa, sem eru brottfallin. Hlutverk MAST, í þessu samhengi, er að meta hvort lögbundin skilyrði eru fyrir útgáfu rekstrarleyfis, í samræmi við reglu stjórnsýsluréttar.</p> <p>Í ítarlegu erindi ÍS47 til MAST, dags. 15 desember 2021, er rökstutt að óheimilt og ólöglegt sé að endurúthluta umræddu leyfi til Arctic. MAST hefur hins vegar á engan hátt brugðist við erindi þessu. Um efnisleg rök í málinu er vísað þessa erindis og þeirra andmæla sem þar koma fram. Af hálfu ÍS47 hefur verið bent á að félagið hafi beinna, sérstakra, verulegra og lög varinna hagsmuna að gæta í málinu, aðallega vegna nálægðar eldissvæða ÍS47 við það eldissvæði sem Arctic sækir um. ÍS47 njóti því andmælaréttar í málinu. Í því ljósi krafðist ÍS47 þess að fá aðgang að öllum gögnum málsins.</p> <p>Þá var sérstaklega vísað til þess að vegna nálægðar þess svæðis sem Arctic sækir um, við eldissvæði ÍS47, þurfi Arctic að sækja um undanþágu frá fjarlægðarmörkum samkvæmt 5. mgr. 18. gr. reglugerðar 540/2020. Þá liggur fyrir að Hafrannsóknarstofnun skal gefa álit á því hvort efni séu til þess að veita umrædda undanþágu. Í því ljósi krafðist ÍS47 þess sérstaklega að fá aðgang að öllum gögnum sem snúa framangreindri umsókn um undanþágu, þar á meðal álit Hafrannsóknarstofnunar, og að fá tækifæri til þess að gæta andmælaréttar áður en ákvörðun um undanþágu væri tekin. Nú ári síðar hefur ÍS47 engar upplýsingar fengið um framangreint ferli.</p> <p>2. Búið er að uppfæra reglugerð.</p> <p>3. Í umsögn MAST kemur fram að aðkomu Hafrannsóknarstofnunar þurfi vegna tilkynningar um tilfærslu á eldissvæði. Ábending þessi vísar til 1. tl. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi, þar sem kveðið er á um að tilgreina skuli í umsókn hvort tilfærsla eldissvæðis sé í samræmi við skiptingu Hafrannsóknarstofnunar í eldissvæði. Rétt er að benda á tvö atriði í þessu samhengi:</p> <p>a) Í fyrsta lagi tengist framangreint skilyrði fyrst og fremst meðferð umsóknar hjá MAST, en hefur ekki áhrif á málsmeðferð Skipulagstofnunar sem ber að meta hvort framkvæmd sé matsskyld.</p> <p>b) Í annan stað liggur ekki fyrir að svæðaskipting Hafrannsóknarstofnunar samkvæmt 4. gr. a. í lögum um fiskeldi nr. 71/2008 fyrir Önundarfjörð hafi verið ákveðin, en MAST</p>		

Svör ÍS 47 við umsögnum um tilkynningar framkvæmda í Önundarfirði

getur þó leitað umsagnar stofnunarinnar þegar umsókn um tilfærslu eldissvæðis kemur til úrvinnslu hjá MAST, en um er að ræða lögboðna skyldu Hafrannsóknarstofnunar að gefa álit sitt um framangreint atriði (raunar má benda á að í umsögn Hafrannsóknastofnunar vegna tilkynninga ÍS47 kemur ekki fram að hið breytta svæði standist ekki af þessum sökum).

4. Gera verður athugasemdir vegna þeirrar fullyrðingar í umsögn MAST að stofnunin hafi *"ekki heimild til þess að gefa út leyfi fyrir auknum lífmassa enda eigi hann að vera boðinn út..."*.

Í fyrsta lagi er rétt að benda á að á umrætt álitafni er á verksviði MAST sem ber að taka ákvörðun um þetta atriði þegar umsókn um rekstrarleyfi er tekið til meðferðar hjá stofnuninni. Þetta atriði kemur hins vegar ekki til athugunar hjá Skipulagsstofnun í því umhverfismatsferli sem hafið er með tilkynningu um framkvæmd. Í því samhengi er vísað til máls nr. 102/2021 hjá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, þar lagt var fyrir Skipulagsstofnun að taka til afgreiðslu matsáætlun Hábrúnar þrátt fyrir að Skipulagsstofnun teldi ekki lagalegar forsendur fyrir útgáfu rekstrarleyfis. Í úrskurðinum er bent á að *"Skipulagsstofnun ekki verið falið sérstakt hlutverk skv. lögum nr. 71/2008, hvorki við meðferð og afgreiðslu umsókna..."*.

Í annan stað telur ÍS47 efni til þess að gera athugasemdir við lögfræðilegar forsendur fullyrðingar í umsögn MAST um framangreint atriði, en umfjöllun um þann þátt hefur enga þýðingu nú við málsmeðferð þessa hjá Skipulagsstofnun. En slík lagasjónarmið koma til skoðunar þegar MAST metur umsókn um rekstrarleyfi vegna aukins lífmassa skv. lögum nr. 71/2008, eftir að fyrir liggur ákvörðun Skipulagsstofnunar um að framkvæmd sé ekki matsskyld eða álit stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum.

Dagsetning	Sendandi/tilvísun	Athugasemd
21.11.2022	MÍ 202211-0078/6.07/K.M.	MÍ telur að afla þurfi heimilda um skipaskaða í Önundarfirði. Þá þurfi að fá fornleifafræðing með þekkingu á neðansjávarminjum til að fara yfir athuganir sem gerðar hafa verið á hafsbótningum undir eldiskvíum. Skoða verði svo nánar minjar ef þær finnast.
30.12.2022	Svar ÍS47	Viðbrögð
ÍS47 hefur brugðist við og hefur uppfært kafla um „Verndarsvæði og fornminjar“ sbr. Tilkynningu um færslu svæða. Ennfremur hefur Ragnar Edvardsson skilað af sér greinargerð um málið. Samkvæmt Ragnari er ólíklegt að um sé að ræða fornminjar á þessu svæði en engu að síður mun Ragnar framkvæma athugun fyrir ÍS47 áður en framkvæmdir hefjast.		
Dagsetning	Sendandi/tilvísun	Athugasemd
22.11.2022	NÍ Málsnúmer: 202210-0027 202210-0028 202210-0029 SS/SKV	NÍ óskar að svara öllum þremur tilkynningum í einu. 1. NÍ telur að taka eigi ákvörðun byggða á öllum þremur sem einni heild.

Svör ÍS 47 við umsögnum um tilkynningar framkvæmda í Önundarfirði

		<ol style="list-style-type: none"> Ní bendir á að botndýralíf við Hundsá sé ekki kannað. Ní bendir á að uppfæra þurfi vöktunaráætlanir í samræmi við breytingar. Ní bendir á að ekki sé fjallað um breytingu á fjölda kvía. Ní talar um að ekki sé fjallað um áhrif færslu á ásýnd, landslag og annað lífríki, t.d. fugla og sjávarspendýr.
30.12.2022	Svar ÍS47	Viðbrögð
<ol style="list-style-type: none"> ÍS47 bendir á að um er að ræða sjálfstæðar tilkynningar þó að ljóst sé að þær séu um margt tengdar. Þær athugasemdir sem Ní færir fram eru á þann veg að þær eiga við allar þrjár. ÍS47 hefur þegar framkvæmt forathugun og verið er að vinna úr dýrasýnum til að fá endalega mynd af stöðu lífríkis við Hundsá. Hinsvegar er búið að skilgreina botn og botngerð og fá nægilegar upplýsingar til að geta lagt mat á stöðuna. Niðurstaða er birt í sérstökum kafla sbr. Tilkynningu um færslu. ÍS47 hefur uppfært tilkynninguna sbr. Tilkynningu um færslu eldissvæðis. ÍS47 hefur bætt við umfjöllun um þessa þætti sbr. Tilkynningu um færslu eldissvæðis. Þar eru þessi atriði rædd og útskýrð vel. Búið að bæta inn kafla 19 í tilkynningu um færslu (fuglar og spendýr). Þegar kemur að ásýnd (sýnileika) og áhrif á landslag vitnar ÍS47 í skýrslu RORUM (Adam Hoffritz 2022. RORUM ISSN 2547-6696/ISBN 978-9935-514-14-1) en þar kemur fram að fjarlægð hefur megin áhrif á það hvort að eldisbúnaður sjáist. Þegar eldi er komið í 7 km fjarlægð sést vart móta fyrir eldisbúnaði. Það er því mat ÍS47 að ásýnd eða sýnileiki hafi engin áhrif á þessu svæði enda ekki nein byggð nærri. Framkvæmdin hefur ennfremur engin áhrif á landslag svæðisins. 		
Dagsetning	Sendandi/tilvísun	Athugasemd
21.11.2022	UST 202210-207/A.Þ.	<ol style="list-style-type: none"> Umhverfisstofnun telur að í tilkynningarskýrslum framkvæmdanna þriggja sé ekki að fullu gert grein fyrir því hver heildarumhverfisáhrif fyrirhugaðra breytinga verði. Umhverfisstofnun telur áhættumat ekki í gildi fyrir Önundarfjörð. UST bendir á að úthlutun eldissvæða er á höndum ráðherra sbr.2. mgr. 2. Gr. a. Laga nr. 71/2008 um fiskeldi.
30.12.2022	Svar ÍS47	Viðbrögð
<ol style="list-style-type: none"> ÍS 47 vil benda á að um er að ræða þrjár sjálfstæðar framkvæmdir. ÍS47 hefur uppfært upplýsingar um losun í umhverfið m.t.t. athugasemda sem komið hafa frá öðrum umsagnaraðilum. Með þeirri uppfærslu er ljóst hver umhverfisáhrifin eru. ÍS47 er hér að tilkynna framkvæmdir sem falla innan burðarþols- og áhættumats. Eðlilega verður ÍS47 að 		

Svör ÍS 47 við umsögnum um tilkynningar framkvæmda í Önundarfirði

hafa tilkynninguna um færslu með þeim útreikningum sem gilda fyrir það rekstrarleyfi sem fyrirtækið hefur í dag en ekki hvernig það gæti breyst. Útreikningar um 900 tonna aukningu hafa verið uppfærðir líkt og útreikningar í Tilkynningu um færslu eldissvæðis og því er það vel þekkt hver áhrifin eru. Þau eru öll innan burðarþols- og áhættumats sem er langtum meira en þau heildar 1900 tonn sem ÍS47 er að óska eftir.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmd og áætlana er framkvæmd skilgreind sem "sérhver nýframkvæmd eða breyting á eldri framkvæmd" sem fellur undi lögin. Í skilningi laganna er því ótvírætt um að ræða þrjár sjálfstæðar framkvæmdir, sem hver um sig, felur í sér breytingu á eldri framkvæmd:

- Tilfærsla á eldissvæði
- Tegundarbreyting
- Aukin framleiðsla.

Fyrir framkvæmdaaðila er ekki fólgið í því hagræði að fjalla um allar framkvæmdirnar í einni og sömu málsmeðferð Skipulagstofnunar, þvert á móti er eðlilegast að hver framkvæmd fái sérstaka sjálfstæða umfjöllun eins og lögin gera ráð fyrir.

Í fyrsta lagi er ljóst að umhverfisáhrif eru ólík af framangreindum framkvæmdum, ólík sjónarmið koma til skoðunar og umfang umhverfisáhrifa mjög mismunandi, með þeirri afleiðingu að einhver framangreindra framkvæmda kann að vera talin matsskyld en aðrar ekki. Eðlilegt er því að gera ráð fyrir að framangreindar tilkynntar framkvæmdir fái mismunandi málsmeðferð.

Í annan stað eru tilkynntar framkvæmdir í engu tilliti háðar hver annarri, framkvæmdaaðili mun þannig vilja gera tilfærslu á eldissvæði, þrátt fyrir að tegundarbreyting eða aukin framleiðsla gangi ekki eftir.

Í þriðja lagi mun reyna á ólík lagaleg álitæfni þegar kemur að umfjöllun um breytt rekstrarleyfi hjá MAST, þar sem MAST er heimilt að samþykkja tilfærslu á eldissvæði og tegundarbreytingu með breytingu á gildandi rekstrarleyfi skv. 13. gr. reglugerð nr. 540/2020, en sú heimild gildir ekki um aukna framleiðslu.

2. Gildandi áhættumat fyrir Önundarfjörð er 2.500t. UST er eini aðilinn sem heldur því fram að áhættumat sé ekki í gildi fyrir Önundarfjörð. Þetta er ekki rökstutt hjá UST, aðrir byggja á því að það sé til staðar, sbr. auglýsing nr. 268/2022, þar sem áhættumatið er staðfest af ráðherra.
3. Tilkynning ÍS47 ehf. snýr að tilfærslu á eldissvæði sem ÍS47 ehf. hefur nú þegar leyfi til að nýta, en MAST er heimilt að samþykkja tilfærslu á eldissvæði og tegundarbreytingu með breytingu á gildandi rekstrarleyfi skv. 13. gr. reglugerð nr. 540/2020. Í því felst einnig að ákvæði 4. gr. a. í lögum um fiskeldi nr. 71/2008 gildir ekki í þessu tilviki. Úthlutun eldissvæðis samkvæmt grein 4. a. í lögum um fiskeldi gildir aðeins um úthlutun nýrra eldissvæða, en ekki um tilfærslu svæða sem rekstraraðila er heimilt að nýta samkvæmt gildu rekstrarleyfi.

Svör ÍS 47 við umsögnum um tilkynningar framkvæmda í Önundarfirði

Dagsetning	Sendandi/tilvísun	Athugasemd
8.11.2022	Vegagerðin / 2020010030	Engin athugasemd. Nægjanlegt greint frá helstu framkvæmdaþáttum við tilfærslu og talið að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.
Dagsetning	Sendandi/tilvísun	Athugasemd
27.10.2022	Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	1. Athugasemd að fyrirtækið Gámaþjónusta Vestfjarða sé ekki lengur til (kafli 14.2)
30.12.2022	ÍS 47	Viðbrögð
1. Lagfært í tilkynningum.		
Dagsetning	Sendandi/tilvísun	Athugasemd
3.11.2022 og 21.12.2022	Samgöngustofa og Landhelgisgæslan	1. Fyrirspurn til hvaða mótvægisáðgerða verði gripið til til að tryggja öryggi siglinga (samgöngustofa) sem og umferð smá- og frístundabáta (LHG).
30.12.2022	ÍS 47	Viðbrögð
<p>1. Fyrirhugaðar framkvæmdir falla mjög vel að nýmótuðum tillögum að strandsvæðaskipulagi þar sem meðal annar var tekið tillit til siglingaleiða og siglingaröryggis með skilgreiningu á nýtingarreitum til staðbundinnar nýtingar í Önundarfirði (SN19 og SN20). Í minnisblaði starfshóps um öryggi siglinga fyrir Vestfirði kemur m.a. fram varðandi nýtingarreiti SN19 og 20 í Önundarfirði að lagt sé til að bæta við hliðarmerkingum til að beina siglingum inn fjörðinn og skoða hvort setja eigi hliðarbaujur sem AIS sýndarmerki eingöngu eða að hluta til.</p>		
<p>Aðrar athugasemdir ÍS47. Félagið sendi inn þrjár aðskildar tilkynningar á þeim forsendum að verið væri að sækja um óskyldar breytingar, þó svo að þær tengist. Fyrirtækið telur að ein tilkynningin megi ekki standa og falla með því hvort að Skipulagsstofnun setji sig á móti annarri eða báðum hinna. Hér er um breytingar sem eru vel innan þess burðarþols- og áhættumats sem gildir um Önundarfjörð, eru vel innan 3.000t viðmiðs sbr. lið 1.08 viðauka 1 laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, ásamt því að hér er um eðlilega þróun í starfsemi fyrirtækis sem hefur eitt stundað eldi í Önundarfirði.</p> <p>ÍS47 sendi inn uppfærða Tilkynningu um færslu eldissvæðis til Skipulagsstofnunar þann 28. desember sl. þar sem fram koma breytingar sem gerðar voru m.t.t. umsagna. ÍS47 telur sig hafa brugðist við þeim öllum og því sé fyrirtækið búið að sýna að ekki er um framkvæmdir að ræða sem krefjist umhverfismats.</p> <p style="text-align: right;">Reykjavík 17.1.2023</p> <p>Virðingarfyllt, F.h. ÍS47 Halldór Gunnlaugsson, framkvæmdastjóri ÍS 47 Þorleifur Ágústsson, RORUM</p>		